

## Fyrirspurn um áform um endurskoðun aðalskipulags og gerð eða endurskoðun svæðisskipulags

Erindi sent á sveitarstjóra, skipulagsfulltrúa og formenn svæðisskipulagsnefnda:

Góðan dag

Samkvæmt 18. gr. skipulagslaga geta sveitarfélög óskað eftir við Skipulagsstofnun að fá greiddan hluta kostnaðar við gerð eða endurskoðun aðalskipulags og svæðisskipulags úr Skipulagssjóði. Hvað varðar aðalskipulag á þetta ekki við þau sveitarfélög sem fá árlega endurgreiddan helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu en þau eru Akranes, Akureyri, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes.

Vegna áætlanagerðar Skipulagsstofnunar fyrir Skipulagssjóð, óskar stofnunin eftir upplýsingum um hvort hafin er eða áformuð vinna við gerð eða endurskoðun aðal- eða svæðisskipulags og hvort fyrirhugað er að leita eftir kostnaðarþátttöku Skipulagssjóðs vegna þeirrar skipulagsvinnu á yfirstandandi eða komandi ári. Óskað er eftir að eftirfarandi upplýsingar berist á netfangið [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) fyrir septemberlok:

1. Hvort hafin er eða áformuð endurskoðun aðalskipulags og hvort áformað er að leita eftir kostnaðarþátttöku Skipulagssjóðs á yfirstandandi ári eða árinu 2020.
2. Hvort hafin er eða áformuð gerð eða endurskoðun svæðisskipulags og hvort áformað er að leita eftir kostnaðarþátttöku Skipulagssjóðs á yfirstandandi ári eða árinu 2020.
3. Ef fyrir liggur, hvað gert ráð er ráð fyrir að fara fram á hátt kostnaðarframlag úr Skipulagssjóði til viðkomandi skipulagsverkefnis.

Með kveðju,

f.h. hönd forstjóra Skipulagsstofnunar, Birna Björk Árnadóttir

sérfræðingur, svið aðalskipulags / Specialist, Municipal Planning  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100, fax 595 4165  
[birna@skipulag.is](mailto:birna@skipulag.is)  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)